

Bættar samgöngur í Urriðaholti

Bæjarskrifst. Garðabæjar

Mótt.dags. 04.06.21

Málalykill 10.0

Mál nr. 2106107



This petition had 173 supporters



Heiðrún Sigurðardóttir started this petition to **Bæjarstjórn Garðabæjar**

Við undirrituð krefjumst þess að bæjaryfirvöld Garðabæjar tryggi almennilegar samgöngur í Urriðaholti. Nú er hverfið orðið stórt og margt fólk á öllum aldri sem býr í hverfinu og þ.á.m. margir krakkar og unglingar sem sækja skóla og/eða frístundir annars staðar, yfirleitt í Garðabæ. Þau sem sækja skóla utan hverfisins, s.s. í Garðaskóla, eiga jafnframt vini sem búa ekki í hverfinu og sækja því mikið út fyrir hverfið. Því er mjög áriðandi og mikilvægt að samgöngur séu til fyrirmyndar.

Það er ekki hægt að kalla það almennilegar samgöngur að strætó gangi eingöngu á annatímum en þess fyrir utan sé hægt að panta leigubíl á ákveðnum tíma á klukkustundar fresti. Fólk og þá kannski sérstaklega krakkar og unglingar mikla það fyrir sér og hefur jafnframt oft ekki tækifæri til að panta bílinn með nægum fyrirvara og/eða stíla inn á þær tímasetningar sem eru í boði. Fyrir utan að viðkomandi strætó fer eingöngu upp í Ásgarð og því þarf alltaf að skipta um vagn ef fara skal lengra – og oft tvisvar ef fara skal út fyrir Garðabæ.

Ekki er nóg með það að strætó gangi stopult og sjaldan í hverfinu, þá eru mjög lélegir göngu- og hjólastígar út úr hverfinu. Til að komast í miðbæ Garðabæjar, þangað sem þarf að sækja mikla þjónustu og frístundir, þarf t.d. að fara yfir mjög hættuleg gatnamót við Kauptún þar sem nú þegar hafa orðið alvarleg slys. Bæjaryfirvöld hljóta að vilja bæta úr því áður en verr fer.

Þá hlýtur að skjóta nokkuð skökku við að hverfi sem státar af því að vera fyrsta vistvæna hverfið á Íslandi bjóði ekki upp á almennilegar samgöngur. Margir foreldrar skutla börnum sínum í skóla og frístundir því strætósamgöngur henta ekki og/eða tímasetningar passa ekki og þau þora ekki að senda börnin hjólandi (eða á öðrum samgöngutækjum) þar sem þarf að fara yfir hættuleg gatnamót. Þessi mikla notkun einkabíla getur seint talist vistvæn.

Því miður er það svo komið að heyrst hefur af fólki sem hefur ákveðið að flytja út úr hverfinu vegna þessa skorts á samgöngum. Því krefjumst við undirrituð þess að bæjaryfirvöld Garðabæjar bæti úr málið hið fyrsta, þ.e. fjölgi strætóferðum, tryggi að strætó gangi allan daginn og pöntunarþjónusta því afnumin, og lagi göngu- og hjólastíga út úr hverfinu.